

Kæra foreldri/forráðamaður.

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 6-10 ára 10 spurninga um ánægju þeirra af lestri í skólanum og ánægju þeirra af lestri utan skólans. Mælitækið var upphaflega þróað og prófað af McKenna og Kear árið 1990 og nefnist á frummálinu *Elementary Reading Attitude Survey*. Dæmi um spurningu:



Nemendur svara spurningalistanum með hjálp talgervils á netinu í skólanum með því að merkja við lýsandi myndir af svipbrigðum teiknimyndapersónunnar Grettis. Allir nemendur svara könnuninni í apríl og tekur um 10 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af innra mati skólans. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Kannanakerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

**Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða fyrirlögn spurningalistans.** Ef þú er mótfallin(n) því að barn þitt svari spurningalistanum, hafðu þá samband við skrifstofu skólans eða skráðu nafn þitt hér fyrir neðan og skilaðu á skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfið eru á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á [skolapulsinn@skolapulsinn.is](mailto:skolapulsinn@skolapulsinn.is) til að fá nánari lýsingu á spurningum könnunarinnar.

---

Ég vil ekki að barn mitt taki þátt í könnuninni Skólapúlsinn

Skóli: \_\_\_\_\_

Nafn barns: \_\_\_\_\_

Undirskrift foreldris/forráðmanns: \_\_\_\_\_